

Mál nr. 510/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar A

Farmur rann af palli bifreiðar og fram á hús hennar og olli tjóni þ. 22.6.2012.

Gögn.

1. Málskot mótt ekið þ. 19.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 29.11.2012.

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu þ. 27.8.2012 sem vísað er til af bæði M og V en ekki lögð fram í málinu, rann farmur fram á hús við hemlun A með þeim afleiðingum að tjón varð á A. Bifreiðin A er tryggð með kaskótryggingu hjá V og gerir M kröfu um bætur vegna tjónsins sem hann varð fyrir við þetta atvik. M vísar sérstaklega til að V fari rangt með túlkun á vátryggingaskilmálum sbr. grein 6.9 skilmálar B-2. V hafnar bótaskyldu og segir að samkvæmt 4.gr. vátryggingaskilmála sé tiltekið hvaða tjónsorsakir vátryggingin nær til, en umrætt tilvik falli ekki undir neina slíka og sé því ekki bótaskyld.

Álit.

Við mat á bótaskyldu reynir ekki á skýringu á grein 6.9. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Grein 6.9 fjallar um það þegar tjón stafar af sandfoki eða þegar mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutækið. Ekkert slíkt á við í þessu tilvik. Í grein 4 eru talin upp í sex tölulíðum hvaða tjón kaskótryggingin bæti. Þar er um tæmandi talningu að ræða og það tjón sem hér ræðir um er undanskilið og því ekki bótaskyld úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.